



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Upplýsingar um stöðu biðlista í frístundaheimili

Staðan á biðlistum breytist dag frá degi og þann 9. nóvember 2023 voru 258 börn á biðlista og 229 börn í hlutavistun.

Um miðjan október voru forstöðumenn frístundaheimila spurðir um helstu ástæður þess að ekki væri fullráðið í frístundaheimilum og nefna þeir helstu ástæður að umsóknir séu ekki að berast, umsækjendur sem sækja um séu ekki hæfir, starfsfólk sem búið sé að ráða mæti ekki eða hætti eftir nokkra daga að lokum óvæntar uppsagnir starfsfólks, sjá töflu hér fyrir neðan.

Hverjar eru helstu ástæður þess að ekki er fullráðið í allar stöður? Merkið við allt sem við á.



Niðurstöðurnar biðlista á frístundaheimilum hafa verið rýndar frá skólabyrjun og auglýsingum fjölgað um laus störf á frístundaheimilum á vefmiðlum, líkamsræktarstöðvum og í hverfablöðum.

Frá árinu 2019 hefur það verið þannig í reglum um þjónustu frístundaheimila að: *Verði tafir á þjónustu, t.d. vegna fáliðunar, er fyrst litið til forgangshópa til samræmis við 4. gr. þessara reglna en síðan eru umsóknir afgreiddar í tímaröð, elsta umsókn fyrst, en þó þannig að börnum í 1. bekk er fyrst boðin dvöl, þá börnum í 2. bekk, en þá verði ef ekki er hægt að bjóða öllum börnum í 2. bekk dvöl, stærri hóp boðin dvöl hluta úr viku þannig að sem flestir fái hluta af þeirri þjónustu sem sótt var um. Þegar búið er að tryggja öllum börnum í 2. bekk dvöl verði börnum í 3. bekk og að lokum börnum í 4. bekk boðin dvöl með sama hætti og börnum í 2. bekk.*



Staða biðlista og hlutavistunar niður á frístundaheimili 9. nóvember 2023

Brúin	Biðlisti	Hlutasamþykki
Brosbær	0	22
Fjósið	48	2
Hvergiland	0	15
Kastali	12	0
Kátakot	0	0
Klapparholt	0	0
Regnbogaland	0	12
Simbað	0	1
Skólasel	0	0
Stjörnuland	19	0
Tígrissbær	21	30
Töfrasel	24	33
Úlfabyggð	1	0
Víðisel	22	0
Samtals	147	115
Kringlumýri	Biðlisti	Hlutasamþykki
Álftabær	14	0
Dalheimar	0	0
Glaðheimar	0	0
Gulahlíð	0	0
Krakkakot	0	0
Laugarsel	0	0
Neðstaland	19	0
Sólbúar	0	0
Vogasel	28	0
Samtals	61	0



Miðberg	Biðlisti	Hlutasamþykki
Álfheimar	3	0
Bakkasel	15	20
Hraunheimar	0	0
Regnboginn	30	9
Vínafell	0	0
Vínaheimar	0	0
Vínasel	0	0
Samtals	48	29
Tjörnin	Biðlisti	Hlutasamþykki
Draumaland	0	0
Eldflaugin	1	65
Frostheimar	0	0
Halastjarnan	1	20
Selið	0	0
Skýjaborgir	0	0
Undraland	0	0
Samtals	2	85
	Biðlisti	Hlutasamþykki
Heild	258	229